



Alþingi
Erindi nr. P 122/1846
komudagur 15.4.1998

Landbúnaðarnefnd
 Alþingi
 Þórshamri v/Templarasund
 150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. apríl 1998

Efni: Frumvarp til laga um framleiðslu og sölu á búvörum, 559. mál

Tilv:98020031

Bændasamtök Íslands og Landssamband kúabænda hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar og gera eftirfarandi tillögur um breytingar:

2. gr.

a) Í 7. málslíð 1. málsgreinar komi "samhliða ákvörðun á lágmarksverði mjólkur" í stað "við ákvörðun o.frv."

Þetta er til að undirstrika að verðlagsnefndin hafi frjálssar hendur um það hvort eða hvernig tekið verði tillit til framleiðslukostnaðar nautgripakjöts við verðlagningu á mjólk. Það er vilji Landssambands kúabænda að við verðlagningu mjólkur verði einungis tekið tillit til þeirrar kjötframleiðslu sem óhjákvæmilega fellur til við mjólkurframleiðslu.

b) Í stað "kindakjöts" í 2. málsgrein komi "sauðfjárafurða".

14. gr.

Þriðja málsgrein hljóði svo: "Leiguliða er heimilt að selja sérskráð greiðslumark án samþykkis jarðareiganda. Þó skal jarðareigandi eiga forkaupsrétt við ábúðarlök leiguliða á því markaðsverði sem síðast liggur fyrir skv. 1. mgr."

Með þessu er reynt að skira þá hugsun að ákvæði 2. ml. 2. mgr. eigi ekki við um sölu á sérskráðu greiðslumarki og hins vegar að forkaupsréttarákvæði jarðareiganda eigi aðeins við þegar um ábúendaskipti er að ræða.

Lagt er til svohljóðandi viðbótarákvæði til bráðabirgða: "Þrátt fyrir ákvæði 7. mgr. 7. gr. laganna skal tilnefningu í nýja verðlagsnefnd búvara lokið 15. maí nk. og nefndin fullskipuð 1. júní 1998."

Með þessu er því flýtt svo sem kostur er að ný verðlagsnefnd geti tekið til starfa og unnið nýjan verðlagsgrundvöll fyrir 1. sept. nk.

Loks vilja Bændasamtök Íslands og Landssamband kúabænda leggja á það áherslu að frumvarpið verði að lögum á yfirstandandi þingi.

Virðingarfyllst

f.h. Bændasamtaka Íslands og Landssambands kúabænda

Sigurgeir Þorgeirsson Guðbjörn Árnason

Samningur um
starfsskilyrði í
mjólkurframleiðslu

Bændur samþykktu

Samstarfssamningur BÍ og LK
var einnig samþykktur


Atkvæðagreiðsla bænda um samning Bændasamtaka Íslands og Ríkisstjórnar Íslands um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu fram á árið 2005 er nú lokið. Samningurinn var samþykktur með 88,8% greiddra atkvæða.

Alls voru 1.896 mjólkurframleiðendur á kjörskrá. Atkvæði greiddu 1.067 eða 56,3%. Samningurinn var samþykktur með 948 atkvæðum (88,8%). Á móti voru 96 (9,0%) og auðir og ógildir seðlar voru 23 (2,2%). Þetta er í fyrsta skipti sem almenn atkvæðagreiðsla fer fram um búvörusamning en samningurinn var undirritaður 17. desember sl. með fyrirvara um samþykki í almennri atkvæðagreiðslu mjólkurframleiðenda og nauðsynlegar lagaheimildir Alþingis.

Samhliða atkvæðagreiðslunni um búvörusamninginn greiddu kúabændur atkvæði um samstarfssamning BÍ og LK. Markmiðið með þeim samningi er að koma greinargóðri skipan á samskipti þessara tveggja samtaka þannig að verkaskipting þeirra á milli sé sem skýrust og saman fari ábyrgð og forræði á þeim málaflokkum sem undir hvorn aðila heyra. Þar sem samningurinn kveður á um atriði er varða framkvæmd búvörulaga þurfti skv. samþykktum Bændasamtaka Íslands að samþykkja hann með 2/3 hlutum greiddra atkvæða bænda í búgreininni.

Á kjörskrá voru 2.249 framleiðendur mjólkur og nautakjöts. Atkvæði greiddu 1.121 eða 49,8%. Samningurinn var samþykktur með 814 atkvæðum (72,6%). Á móti voru 235 (21,0%) og auðir og ógildir seðlar voru 72 (6,4%).

Búnaðarþing sett



Á dögunu fjölsóttar loðfeldun Íslandi. Á sjá loðdýr Sigurðar Hrisum, V sínum, Se þau hjón Scanglov loðfeldin feldskera eiginkonformann forkunna Jólissor brosmild að draga

Kjötumboðið - breyting á eign

Kaupfélag Þingeying

blut l endobanku l

Mjólkurkvóta- markaður í Danmörku

Snorri Sigurðsson,
skrifar frá Danmörku.

Fyrir nokkru var ákveðið að gera breytingar á sölukerfi mjólkurkvóta í Danmörku. Kröfum nútímans um stærðarhagræðingu bíanna sagi ekki unnt að mæta með þeim viðskiptahátum sem viðhafði voru og því nauðsynlegt að gera breytingar. Líkt og í öðrum löndum var þetta þó hægar sagt en gert, sér í lagi þar sem menn vildu tengja saman opna markaðssölu á kvótanum en jafnframt forðast að einstakir framleiðendur myndu ná að sanka að sér mjólkum hluta framleiðslunnar. Þessu samhliða vildu menn tryggja að bændur, sem eru að hefja störf sem mjólkurframleiðendur, eygðu möguleika á að standast samkeppni við þá sem fyrir eru á markaðinum.

Fuðkomlega frjáls viðskipti með kvóta hafa því ekki verið til umræðu, enda eru til mörg dæmi um að slíkt hafi leitt til yfirverðs á kvótanum - sem hafi lítið að gera með raunverði kvótans. Danskir mjólkurframleiðendur hafa horft til Belgíu í þessu sambandi, þar sem kvótakaup voru frjáls fyrir skemmunstu og kvótaverðið var mjög hátt. Samhliða háu verði á kvóta, varð auðvitað nýliðun í greininni mjög hæg og því fyrir-sjáanleg vandamál þar á ferð. Belgískir mjólkurframleiðendur tóku því sjálfir upp stýringu á kvótaviðskiptunum til að tryggja öruggari framtíð mjólkurframleiðslunnar.

Gamla kvótasölukerfið

Gamla kvótasölukerfið í Danmörku hefur áður verið lýst (12. tbl.) en það byggði á því að ein stofnun sá um öll viðskipti með kvóta, á föstu verði. Með því kerfi áttu bændur erfitt með að kaupa mikið magn kvóta í einu, nema þeir myndu kaupa upp jarðir með kvóta á.

árinu 1998. Markaðurinn virkar á þann hátt að mjólkurframleiðandi sem vill selja, sendir inn tilboð til Mjólkurmeistarinnar þar sem hann tekur fram hve mikið hann hyggst selja og hvaða lágmarksverð hann setji upp. Á sama hátt sendir tilvondandi kaupandi inn tilboð, þar sem hann tekur fram hve mikið hann vill kaupa og á hvaða hámarksverði. Allir sem vilja selja eða kaupa kvóta senda með þessum hætti inn sínar tölur fyrir 15. janúar og síðan eru öll tilboðin tekið og flokkuð. Öllum sölu- og kaup-tilboðum er raðað upp eftir verði og magni, sölutilboðum eftir hákkandi verði og kauptilboðum eftir lækkandi verði. Með þessu móti myndast framboðs- og eftirspurnarlínur (sjá mynd) og þar sem þær skerast er verðið á kvótanum í jafnvægi.

Þessi jafnvægispunktur festir það sem kallað er jafnvægisverð, sem er það verð sem allur kvóti verður seldur á. Þannig fá þeir sem hafa óskað eftir að kaupa kvóta á hærri verði en jafnvægisverðið (A), keypt á þessu fasta verði og eins fá þeir bændur sem buðu kvóta til sölu á

en talið er þó að slíkt tilfelli ætlu ekki að skada heildarmyndina. Skýringin felst í þeim fjölda tilboða sem vænst er að muni verða á hverjum tíma, en á síðasta ári voru um 8 þúsund bændur sem keyptu kvóta af tólf hundruð bændum. Það að einhver þrífá tilboð séu langt frá heildinni ætli því ekki að valda mikilli skekkju á jafnaðarverðinu, a.m.k. ekki á meðan tryggt er að margir sendi inn tilboð á hverjum tíma. Í dag er það nokkuð tryggt, þar sem einungis má versla með kvóta einu sinni á ári (reglur frá Evrópusambandinu banna annað!).

Sala framhjá kerfinu töluð

Ef bóndi hyggst kaupa jörð með kvóta (þ.e. að stækka við sig), verður hann núna að greiða toll af kaupnum. Þessi tollur nemur 33% kvótamagnsins, sem er þá lagt inn í kvótasölumarkaðinn. Markmiðið með þessari reglu er að fá sem mest af viðskiptum inn á kvótamarkaðinn og tryggja þannig að sem mest af kvótanum verði selt á markaðsverði hvers tíma (jafnaðarverðinu). Einnig er hugmyndin að þarna fái inn sá kvóti sem nýir bændur fá ókeypis (sjá síðar). Nokkrar undantekningar má gera frá tollareglunni, s.s. þegar jarðir með kvótum eru sameinaðar í félagsbú (minnst til 5 ára).

Ekkil fyrir alla

Í nýja kvótakerfinu eru margskonar takmarkanir á kaupmöguleikum. Þetta er sér í lagi gert til að koma til móts við þarfir millistórna búna. Þessar takmarkanir eru:

- Árleg kaup geta mest verið 150 tonn.
- Mest er hægt að kaupa 300 tonn á 5 árum.
- Þeir framleiðendur sem hafa minni kvóta en 150 tonn geta þó keypt öll 300 tonn í einu.
- Þeir sem eru með meira en 800 tonna kvóta geta mest keypt 2% á ári - til að mæta aukningu í nyt.
- Þeir sem hafa kvóta á leigu og missa hann, hafa rétt á að bæta sér upp tapið á kvótamarkaðinum.

Sérstök vildarkjör fyrir nýja bændur

Með nýja kerfinu er tekið sérstakt tillit til þeirra sem eru að byrja búskap. Þeir geta sótt um mest 560 tonna kvóta (m.v. 80 kyr) og því magni sem þeir koma til með að fá verður skipt þannig:

- Mest þriðjungur fast ókeypis (kvótiinn sem kemur með tollareglunni ætlaður í þetta).
- Minnst tveir þriðju fast á markaðsverðinu (jafnaðarverðinu).

Ef hins vegar um er að ræða nýtt bú, þ.e. án kvóta gilda áfram reglurnar um 300 tonn - þó deilt upp á sama hátt og ofan greinir.


Framangreind vildarkjör fyrir nýja bændur á að tryggja það að viðskipti með kvóta fari í gegnum kvótamarkaðinn. Sá kvóti sem fast með þessum hætti verður ekki seljanlegur nema hann hafi verið nýttur minnst 95% og sá kvóti sem fast ókeypis er fyrst hægt að selja að 5 árum líðnum. Fyrsta árið mun þó lítið af kvóta fást á þessum vildarkjörum, þar sem reglan um tollun kvótasölu utan við kerfið er nýlega komin í gagn (júlí 1997).

Framtíðin

Samningurinn um kvótamarkaðinn gildir til 5 ára, en verður endurmetinn eftir tvö ár með það að leiðarljósi að slýra betur viðskiptunum - ef þess gerist þörf.

Hvernig þetta nýja kerfi þeirra Dana á eftir að reynast kemur í ljós á næstu árum, en spennandi verður að fylgjast með því hvort þeir ná þeim markmiðum sem nýja kerfinu er ætlað. Fyrsta vísbending kemur í janúar, þegar fyrstu kaup- og sölunúðurstöðurnar liggja fyrir.

Hver sem reynslan af þessu nýja kerfi verður, þá er ljóst að kerfið er byggt upp á þann hátt að fjölskyldubúin eiga að hafa möguleika á að stækka og tryggja sér góða markaðshlutdeild. Einnig er athyglivert hvernig búin er að þeim bændum sem eru að hefja búskap, en að fá þriðjung kvótans í styrk frá öðrum mjólkurframleiðendum, hlýtur að teijast til tíðinda. Nokkuð áhugaverð stefna danskra bændna, sem vert væri að taka til athugunar á Íslandi.



Hið nýja kvótasölukerfi

Eftir miklar vangaveltur í landbúnaðargreinanum, þar sem margar aðferðir voru skoðaðar, var ákveðið að setja á fót kvótasölumarkað sem starfa myndi frá

lægra verði en jafnvægisverðið (B), þetta sama jafnvægisverð. Þeim tilboðum frá bændum sem vildu fá meira fyrir kvótann (C), sem og þeim lægri tilboðum en jafnvægisverðið (D) er vísað frá.

Þetta kerfi virkar frekar áhættusamt með tilliti til áhrifa einstakra mjög hárra/lægra tilboða,